


# Þjálfun í notkun aðgengilegs lestrarumhverfis


## Undirbúningur

1. Opnið glærur í vafra (t.d. chrome, firefox eða edge). T.d. með því að smella á æfingaglærurnar neðst í umfjöllun um [aðgengilegt lestrarumhverfi inni á síðu Miðju máls og læsis](#) einnig er hægt að nota office.com til að prófa aðgengilegt lestrarumhverfi en það virkar ekki í power point forritinu.
2. Hafið þetta æfingablað við höndina þegar þið prófið
3. Hægri smellið á textann sem þið ætlið að skoða í aðgengilegu lestrarumhverfi.
4. Veljið “opna í aðgengilegu lestrarumhverfi” eða “open in immersive reader”




## Verkefni

Svona lítur aðgengilega lestrarumhverfið út:



- Ýtið á græna hringinn neðst á síðunni til að hefja lestur
- Veljið tannhjólið til að breyta hraða lesturs og velja kyn raddar
- Með því að velja textatáknið (stýra texta) er hægt að breyta leturstærð, línubili og lit á bakgrunni
- Bókatáknið efst til vinstri stýrir valmöguleikum tengdum línufókus, tungumálum og lestrarþjálfu



- Prófið að breyta línufólkus
- Prófið að velja annað tungumál**
  - Kveikið á “stakt orð” (e. by word) og prófið að velja orð í textanum
  - Kveikið á „allt skjalið“ (e. document) og skoðið textann
    - Hversu rétt er þýðingin? (prófið tungumál sem þið þekkið)
  - Hlustið á upplestur á fleiri tungumálum
  - Hægt er að hoppa á milli íslensku og valins tungumáls efst með því að velja “upprunalegt” (e. original)